

fulltrúa stúdenta, tilnefndum af nemum í rannsóknartengdu námi, til eins árs í senn. Stjórnin kýs forstöðumann úr hópi prófessora og tvo aðra, sem sæti eiga í stjórn stofnunarinnar, í framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn er kosin til tveggja ára í senn. Framkvæmdastjórn fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, hefur umsjón með fjármálum hennar og gengur frá rekstraráætlun og tillögum um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar tekur árlega saman skýrslu um starfsemina.

Forstöðumaður og aðrir sem sæti eiga í framkvæmdastjórn skulu fá greidda þóknun fyrir störf sín í samræmi við reglur Háskóla Íslands, og þær venjur sem skapast hafa um greiðslur fyrir slík störf.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a. Styrkir til einstakra verkefna.
- b. Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c. Gjafir.

Fjármál heyra endanlega undir háskólarektor og háskólaritara, sbr. 3., 4. og 5. mgr. 2. gr laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990. Skal reikningshald vera hluti af heildarreikningi Háskólans. Stjórn stofnunarinnar skal leita samþykkis læknadeildar varðandi fjárhagslegar skuldbindingar, sem geta haft áhrif á fjárhag deildarinnar. Við framkvæmd þessa ákvæðis skal gæta ákvæða 7. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Nú er starfsemi Lyfjafræðistofnunar Háskóla Íslands í frjálsri samkeppni við atvinnu-starfsemi annarra aðila og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sé sá þáttur starfseminnar fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Háskóla Íslands og ekki niðurgreiddur hvorki af tekjum af annarri starfsemi háskólans né fjárframlögum til hans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1997.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

6. febrúar 1997

Nr. 127

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu Stöðvarhreppi árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4 500 kr. á hvert ílát.
Sorpeyðingargjald	3 500 kr. á hvert ílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um hafnarríkiseftirlit.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að draga verulega úr siglingum undirmálsskipa um hafsvæði sem heyra undir lögsögu Íslands með því að:

- stuðla að því að farið sé eftir alþjóðlegri löggjöf og viðeigandi löggjöf EES um öryggi á hafi úti, verndun lífríkis sjávar og aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í skipum af öllum þjóðernum,
- koma á sameiginlegum viðmiðunum fyrir hafnarríkiseftirlit með skipum og samræma verklagsreglur um skoðun og farbann, að teknu tilliti til skuldbindinga sem siglingamála-yfirvöld í aðildarríkjum EES hafa gengist undir samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU).

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð og viðaukum hennar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Samningar“:
 - alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL 66),
 - alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS 74),
 - alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 ásamt bókuninni frá 1978 (MARPOL 73/78),
 - alþjóðasamningur um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW 78),
 - samningur um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972 (COLREG 72),
 - alþjóðasamningur um mælingar skipa frá 1969, og
 - samningur um lágmarksstaðla kaupskipa frá 1976 (ILO nr. 147), ásamt bókunum og breytingum á þessum samningum og tengdum bindandi reglum sem eru í gildi.
2. „MOU“: Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit undirritað í París 26. janúar 1982 ásamt breytingum á því sem eru í gildi.
3. „Skip“: sérhvert skip sem siglir á opnu hafi sem einn eða fleiri þessara samninga gilda um og sigla undir öðrum fána en fána Íslands.
4. „Stöð á hafi úti“: fastur eða fljótandi pallur starfræktur á eða yfir landgrunni Íslands.